

Norðurþing

b/t Gauks Hjartarsonar skipulags- og byggingarfulltrúa

Ketilsbraut 7-9

Húsavík

sent með tölvupósti á nordurthing@nordurthing.is

Reykjavík, 9. september 2021.

Efni: Athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðhafnarsvæðis og Norðurhafnar á Húsavík.

Til MAGNA lögmanna hefur leitað Gentle Giants-Hvalaferðir ehf., kt. 660701-2570, („umbjóðandi“), og falið undirrituðum lögmanni að koma á framfæri athugasemdum við auglýsta tillögu að breytingu á deiliskipulagi Miðhafnarsvæðis og Norðurhafnar á Húsavík.

Samkvæmt tillöggunni stendur til að loka umferðarleiðinni milli Hafnarstéttar 1 og Hafnarstéttar 3 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu. Af skipulagsuppdrætti má ráða að umferð verði í stað þess að einhverju leyti beint niður göngustíginn sem liggur milli Hafnarstéttar 3 og Hafnarstéttar 5 en í uppdrættinum er mælt fyrir um „kvöð um akstur viðbragðsaðila“. Af þessum texta er ljóst að ekki er ráðgert eða heimilað að um göngustíginn fari almenn umferð ökutækja heldur einungis viðbragðsaðilar þegar svo ber undir. Til þess að vegurinn henti sem neyðarakvegur fyrir viðbragðsaðila er hins vegar ljóst að breikka þarf göngustíginn og/eða grípa til annarra aðgerða.

Göngustígurinn er mikilvæg umferðarleið fyrir gangandi vegfarendur frá Garðarsbraut og niður að bryggju og ekki er óvarlegt að áætla að tugþúsundir ferðamanna noti hann á hverju sumri. Á meðal þeirra sem nota göngustíginn eru viðskiptavinir umbjóðanda míns en göngustígurinn er mikilvæg tenging milli miðasölu fyrtækisins og bryggju. Allar breytingar á notkun og ásýnd göngustígarins eru til þess fallnar að raska viðskiptalegum hagsmunum umbjóðanda míns sem og annarra fyrtækja á svæðinu.

Ásamt framangreindu telur umbjóðandi minn að augljós slysahætta sé fólgin í því að nýta göngustíginn sem akveg fyrir viðbragðsaðila. Er þetta ekki í samræmi við markmið deiliskiplagstillögunnar sem mælir fyrir um að mikilvægt sé að stjórna umferð á svæðinu betur og minnka slysahættu. Þá hefur umbjóðandi minn einnig áhyggjur af því að breytingar á göngustínum muni leiða til þess að almenn ökutæki keyri niður göngustíginn með tilheyrandi slysahættu fyrir gangandi vegfarendur.


MAGNA

Umbjóðanda mínum þykir rétt að halda því til haga að hann er ekki mótfallinn lokun akstursleiðarinnar milli Hafnarstéttar 1 og 3 og þeirri uppbyggingu sem er þar fyrirhuguð en telur nauðsynlegt að við ákvörðun um notkun göngustígarins verði gætt að hagsmunum fyrirtækisins, annarra fyrirtækja á svæðinu og gangandi vegfarenda.

Umbjóðandi minn gerir miðlunartillögu um að þau byggingaráform sem fyrirhuguð eru milli Hafnarstéttar 1 og 3 verði með þeim hætti að einföld tengibygging / göngurampur verði byggður ofan við umferð um sundið og byggingarmagnið sjálft færist norður fyrir Hvalasafnið með tengingu við þá byggingu. Það gæti mögulega skapað minnst rask fyrir þau fyrirtæki sem eru algerlega háð umræddum göngustíg. Viðbragðsaðilar gætu fundið slíka tillögu ásættanlega.

Að öllu framangreindu gættu mótmælir umbjóðandi minn áformum um að breyta notkun og/eða ásýnd göngustígarins og mótmælir þeirri kvöð sem kemur fram í fyrirliggjandi skipulagsupprætti.

Virðingarfyllst,



Jörge Már Ágústsson lögmaður